



Reykjavík, 26. júní 2024
MIR24060013

Viðtakandi: Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Sendandi: Menningarborgin

Tjarnarbíó er sviðslistahús við Tjarnargötu í Reykjavík. Það er rekið af Sjálfstæðu leikhúsunum sem vettvangur fyrir sviðslistir á vegum einstakra listamanna og hópa. Sjálfstæðu leikhúsin töku við rekstri hússins árið 2010 og hafa verið í samningssambandi við Reykjavíkurborg í 14 ár.

Rekstrarsamningur borgarinnar við leikhúsið að upphæð 29 m.kr. rennur út 30. júní nk. Undirritaður samningur fyrir árið 2023 var upphaflega 22. m.kr. en ljóst var á miðju ári að tap yrði á rekstri Tjarnarbíós á árinu 2023 ef ekki kæmi til viðbótarframlag inn í reksturinn frá Reykjavíkurborg.

Til að koma til móts við rekstrarvanda Tjarnarbíós á árinu 2023 greiddi Reykjavíkurborg viðbótarframlag til Menningarfélagsins Tjarnarbíós að upphæð 7. m.kr. og er því heildarupphæð samnings fyrir árið 2023 samtals 29 m.kr.

Sömuleiðis var gerður samningur á milli menningar- og viðskiptaráðuneytis og menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar til eflingar sviðslista fyrir árin 2023 – 2024.

Samkomulag ríkis og borgar inniheldur þrjú meginmarkmiðin:

1. Styðja við innviði sviðslistasenu höfuðborgarinnar með sérstöku tilliti til stuðnings við málefni Tjarnarbíós.
2. Gera úttekt og þarfagreiningu á aðstöðu sviðslistafólks á höfuðborgarsvæðinu.
3. Gera úttekt á rekstri Tjarnarbíós til að greina tækifæri og áskoranir í rekstrinum með það fyrir augum að auka sjálfbærni og treysta stoðir rekstursins til framtíðar.

Úttekt á rekstri Tjarnarbíós liggur fyrir en vinna við lið 2. „Að gera úttekt og þarfagreiningu á aðstöðu sviðslistafólks á höfuðborgarsvæðinu“ er enn í vinnslu. Vegna veikinda starfsmanns þarf að finna nýjan úttektaraðila.

Lagt er til að:

- Reykjavíkurborg undirriti nýjan samning við Tjarnarbíó fyrir leikárið 2024/2025 að upphæð 29. m.kr.
- Að fundinn verði nýr aðili til að gera úttekt og þarfagreiningu á aðstöðu sviðslistafólks á höfuðborgarsvæðinu. Þegar úttekin liggur fyrir er hægt að móta framtíðarsýn fyrir leikhúsið.

Arnfríður S. Valdimarsdóttir

Arnfríður S. Valdimarsdóttir
skrifstofustjóri